

**AUGLÝSING****um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.**

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 20. apríl 1968, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, eru hér sett eftirfarandi ákvæði:

Hver sá, er framleiðir til sölu eða flytur inn fóðurlöndur, skal ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald, er nemur kr. 15.00 af hverri smálest. Gjald þetta skal greiða til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 8.

5. febrúar 1969.

**AUGLÝSING****um samning um breytingar á dómsorði Kjaradóms frá 30. nóvember 1965, um skipan ríkisstarfsmanna í launaflokka.**

Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 55/1962 svo og ákvæðum laga nr. 30/1967 og laga nr. 93/1968 gera Kjararáð f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með sér svofelldan samning um breytingar á dómsorði Kjaradóms frá 30. nóvember 1965 um skipan ríkisstarfsmanna í launaflokka.

Starfsheiti skulu færast milli launaflokka og breytast sem hér segir:

Starfsheiti:	Launafl. verði:
Bréfberar (var 7. launaf.)	8.
Sendimenn L. Í. (var 7. launaf.)	8.
Sérlærð saumakona Þjóðleikhúss	8.
Talsímakonur, er hafa 3ja ára þjónustu	8.
Símaverðir á skrifstofum og ríkisspítölum (stór skiptiborð) eftir 3ja ára þjónustu	8.
Umsjónarmaður Hjúkrunarskóla Íslands	8.
Afgreiðslumenn í Lyfjaverzlun	8.
Yfirbréfberar (voru í 8. launaf.)	9.
Yfirsendingimenn L. Í. (var 8. launaf.)	9.
Talsímakonur, er hafa 8 ára þjónustu	9.
Símaverðir á skrifstofum og ríkisspítölum (stór skiptiborð) eftir 8 ára þjónustu	9.
Eftirlitsmenn III á Löggingarstofu	9
Bifreiðastjórar Á. T. V. R. og Lyfjaverzlunar (var 8. launaf.)	10.
Bréfberar ábyrgðarpósts (var hraðboðabréfberi í 8. launaf.)	10.
Talsímakonur með eftirlit með langlínuafgreiðslu (var 8. launaf.)	10.
Vélaverðir rafveitna (var 8. launaf.)	10.